# Neytendasamtökin

## Ársreikningur 2024

Neytendasamtökin
Guðrúnartúni 1
105 Reykjavík
Kt. 480269-0559

# Neytendasamtökin

## Ársreikningur 2024

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Áritun óháðs endurskoðanda | 1 |
| Staðfesting kjörinna skoðunarmanna | 3 |
| Áritun og skýrsla stjórnar | 4 |
| Rekstrarreikningur | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Skýringar | 7 |

# Áritun óháðs endurskoðanda

**Til hluthafa og stjórnar Neytendasamtakanna**

**Álit**
Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Neytendasamtakanna fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

**Grundvöllur fyrir áliti**
Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Neytendasamtökunum í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Aðrar upplýsingar**

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu stjórnar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

**Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum**

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Neytendasamtakanna. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

# Áritun óháðs endurskoðanda

**Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins**

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.
Nægjanleg vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 26. mars 2025

**Deloitte ehf.**

Páll Daði Ásgeirsson
endurskoðandi

# Staðfesting kjörinna skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Neytendasamtakanna staðfestum ársreikning 2024 með undirskrift okkar.

Reykjavík, 26. mars 2025

| | |
|---|---|
| Hólmfríður Sveinsdóttir | Þuríður Hjartardóttir |

# Áritun og skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Neytendasamtökin eru hagsmunasamtök neytenda á Íslandi. Neytendasamtökin eru sjálfstæð og óháð einstaklingum, félögum, fyrirtækjum, samtökum, stjórnmálaflokkum og opinberum aðilum. Neytendasamtökin skulu ætíð taka afstöðu til mála í samræmi við hagsmuni neytenda óháð öðrum sjónarmiðum. Félagsmenn á árinu 2024 voru 7.857 samanborið við 7.898 árið áður og nam félagsgjaldið kr. 7.900. Fjöldi ársverka voru sex.

Stjórn Neytendasamtakanna þiggur ekki laun fyrir stjórnarsetu sína en formaður gegnir launuðu starfi. Stjórn er kosin til tveggja ára í senn.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins var hagnaður ársins 2024 kr. 4.653.791. Hrein eign félagsins í árslok nam kr. 28.529.325. Ráðstöfun á afkomu ársins og aðrar eiginfjárbreytingar koma fram í skýringu um eigið fé í ársreikningnum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. mars 2025

Stjórn:

Breki Karlsson, formaður
Auður Alfa Ólafsdóttir, varaformaður
Þórarinn Stefánsson, gjaldkeri
Sigurður Másson, ritari
Guðmundur Gunnarsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir
Margrét Dóra Ragnarsdóttir
Benjamín Julian
Pálmey Helga Gísladóttir
Salka Sól Styrmisdóttir
Flóki Guðmundsson
Stefán Hrafn Jónsson
Virpi Jokinen

Framkvæmdastjóri:

Brynhildur Pétursdóttir

# Rekstrarreikningur 2024

| **Rekstrartekjur** | ***Skýr.*** | **2024** | **2023** |
|---|---|---|---|
| Tekjur af aðalstarfsemi | | 93.073.000 | 79.535.400 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 13.224.498 | 16.514.648 |
| Tekjur vegna ECC verkefnis | | 9.431.375 | 10.527.988 |
| | | 115.728.873 | 106.578.036 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 3 | 71.090.353 | 67.169.906 |
| Útgáfu- og dreifingarkostnaður | | 6.888.587 | 6.462.290 |
| Húsnæðiskostnaður | | 6.148.232 | 6.897.629 |
| Innheimtukostnaður | | 1.048.450 | 814.514 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 18.886.635 | 18.983.299 |
| Kostnaður vegna ECC verkefnis | | 9.431.375 | 10.527.988 |
| | | 113.493.632 | 110.855.626 |
| **Rekstrarhagnaður (-tap)** | | 2.235.241 | (4.277.590) |
| **Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld** | | | |
| Vaxtatekjur | | 2.494.949 | 3.380.300 |
| Vaxtagjöld | | (16.620) | (3.934) |
| Gengismunur | | (59.779) | 85.399 |
| | | 2.418.550 | 3.461.765 |
| **Hagnaður (tap) ársins** | 4 | 4.653.791 | (815.825) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2024

## Eignir

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **Veltufjármunir** | | | |
| Aðrar skammtímakröfur | | 0 | 40.000 |
| Handbært fé | | 46.397.002 | 41.378.278 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 46.397.002 | 41.418.278 |
| **Eignir samtals** | | 46.397.002 | 41.418.278 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Óráðstafað eigið fé | 4 | 28.529.325 | 23.875.534 |
| **Eigið fé samtals** | | 28.529.325 | 23.875.534 |
| **Skuldir** | | | |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Aðrar skammtímaskuldir | 5 | 17.867.677 | 17.542.744 |
| **Skammtímaskuldir samtals** | | 17.867.677 | 17.542.744 |
| **Skuldir samtals** | | 17.867.677 | 17.542.744 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 46.397.002 | 41.418.278 |

# Skýringar

## 1. Upplýsingar um samtökin

Neytendasamtökin eru hagsmunasamtök neytenda á Íslandi. Neytendasamtökin eru sjálfstæð og óháð einstaklingum, félögum, fyrirtækjum, samtökum, stjórnmálaflokkum og opinberum aðilum. Neytendasamtökin skulu ætíð taka afstöðu til mála í samræmi við hagsmuni neytenda óháð öðrum sjónarmiðum. Lögheimili félagsins er að Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Stjórnendur samtakanna hafa metið rekstrarhæfi þeirra og telja að samtökin hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum nema þar sem annað er tilgreint.

### Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Gengismunur

Færslur í erlendum gjaldmiðlum eru í upphafi færðar á gengi viðskiptadagsins. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða gengi í árslok. Gengismunur sem myndast vegna þessa er færður í rekstrarreikning.

Gengi í árslok:

| | **31.12.2024** | **31.12.2023** |
|---|---|---|
| EUR ........................................................................ | 143,90 | 150,50 |

### Handbært fé

Til handbærs fjár teljast bankainnstæður.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga.

### Tekjur

Tekjur af félagsgjöldum og styrktarauglýsingum er færðar þegar þær eru greiddar.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

# Skýringar

## 3. Laun og launatengd gjöld

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Laun | 62.103.035 | 61.826.594 |
| Lífeyrissjóður | 8.169.980 | 8.095.152 |
| Önnur launatengd gjöld | 7.517.546 | 5.370.843 |
| Yfirfært á umsjón með verkefnum | (6.700.208) | (8.122.683) |
| Laun og launatengd gjöld alls | 71.090.353 | 67.169.906 |

Að meðaltali störfuðu um 6 starfsmenn hjá félaginu á árinu, líkt og árið á undan.

## 4. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | Óráðstafað eigið fé |
|---|---|
| Eigið fé 1/1 | 23.875.534 |
| Afkoma ársins | 4.653.791 |
| Eigið fé 31/12 | 28.529.325 |

## 5. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 8.191.778 | 7.546.516 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 2.532.740 | 812.394 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 5.950.000 | 6.500.000 |
| Fyrirframinnheimt vegna ECC verkefnis | 1.193.159 | 2.683.834 |
| Aðrar skammtímaskuldir samtals | 17.867.677 | 17.542.744 |

## 6. Leigusamningar

Félagið hefur gert leigusamning um húsnæði sem starfsemi þess er í. Samningurinn er vísitölutengdur og er ótímabundinn með 6 mánaðar uppsagnarákvæði. Leigugreiðslur námu 5,4 millj. kr. á árinu 2024 og eru þær færðar meðal húsnæðiskostnaðar í rekstrarreikningi. Skuldbinding vegna leigusamningsins nemur um 2,7 millj. kr. vegna ársins 2025.

## 7. Atburðir eftir reikningsskiladag

Engin atriði hafa komið fram eftir dagsetningu efnahagsreiknings sem krefjast myndu lagfæringa eða breytinga á ársreikningi ársins 2024.

# Sundurliðanir

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| **Tekjur af aðalstarfsemi** | | |
| Innheimt félagsgjöld ársins | 62.073.000 | 51.335.400 |
| MVF | 23.500.000 | 21.000.000 |
| Leigjendaaðstoð | 7.500.000 | 7.200.000 |
| | 93.073.000 | 79.535.400 |
| **Aðrar rekstrartekjur** | | |
| Seldar styrktarlínur | 12.626.000 | 12.460.000 |
| Seld áskrift | 447.200 | 444.300 |
| Aðrir styrkir og leigutekjur | 4.866.986 | 8.874.342 |
| Vegna ECC | (4.715.688) | (5.263.994) |
| | 13.224.498 | 16.514.648 |
| **Tekjur vegna ECC verkefnis** | | |
| Styrkir ríkisins vegna ECC verkefnis | 4.715.688 | 5.263.994 |
| Styrkir frá ESB vegna ECC verkefnis | 4.715.688 | 5.263.994 |
| | 9.431.375 | 10.527.988 |
| **Kostnaður vegna ECC verkefnis** | | |
| ECC verkefni, ferðakostnaður | 153.939 | 458.307 |
| ECC verkefni, laun og launatengd gjöld | 6.700.208 | 8.122.683 |
| ECC verkefni, annar kostnaður | 2.577.228 | 1.946.998 |
| | 9.431.375 | 10.527.988 |
| **Laun og launatengd gjöld** | | |
| Laun | 62.103.035 | 61.826.594 |
| Dagpeningar | 0 | 17.000 |
| Áunnið orlof, breyting | 620.519 | (488.800) |
| Mótframlag í lífeyrissjóð | 8.169.980 | 8.095.152 |
| Sjúkra-, orlofs-, & endurmenntunarsjóður | 1.000.588 | 927.962 |
| Tryggingagjald | 4.462.335 | 4.440.035 |
| Annar starfsmannakostnaður | 1.434.104 | 474.646 |
| Yfirfært á ECC verkefni | (6.700.208) | (8.122.683) |
| | 71.090.353 | 67.169.906 |

# Sundurliðanir

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| **Annar rekstrarkostnaður** | | |
| *Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður:* | | |
| Pappír, prentun, ritföng og burðargjöld........................ | 192.841 | 308.482 |
| Auglýsingar og kynningarmál..................................... | 93.910 | 107.939 |
| Bókhalds- og launaþjónusta....................................... | 2.530.969 | 2.108.784 |
| Endurskoðun.......................................................... | 1.646.565 | 1.527.051 |
| Önnur sérfræðiþjónusta............................................ | 5.923.340 | 8.625.133 |
| Aðkeyptur akstur.................................................... | 172.500 | 145.008 |
| Viðhald áhalda og rekstrarvörur................................. | 801.107 | 819.319 |
| | 11.361.232 | 13.641.716 |
| *Erlent samstarf:* | | |
| Erlent samstarf, ferðakostnaður................................. | 606.578 | 1.160.802 |
| Erlend félagsaðild.................................................... | 1.077.520 | 1.043.724 |
| Yfirfært á ECC verkefni............................................ | (2.114.161) | (1.716.558) |
| | (430.063) | 487.968 |
| *Innra starf og neytendamál:* | | |
| Félags- og aðildargjöld.............................................. | 75.000 | 75.000 |
| Fundakostnaður...................................................... | 2.760.000 | 645.661 |
| Risna og gjafir......................................................... | 72.470 | 40.951 |
| | 2.907.470 | 761.612 |
| *Tölvukostnaður:* | | |
| Kostnaður vegna tölvu- og hugbúnaðar........................ | 2.573.183 | 2.155.188 |
| Kostnaður vegna heimasíðu....................................... | 2.474.813 | 1.936.815 |
| | 5.047.996 | 4.092.003 |
| **Annar rekstrarkostnaður samtals** | 18.886.635 | 18.983.299 |
| **Útgáfu- og dreifingarkostnaður** | | |
| NBL, prentun, hönnun, setning o.fl............................. | 2.781.061 | 2.737.299 |
| NBL, dreifingarkostnaður........................................... | 4.107.526 | 3.724.991 |
| | 6.888.587 | 6.462.290 |
| **Húsnæðiskostnaður** | | |
| Húsaleiga............................................................... | 5.462.750 | 6.158.057 |
| Vátryggingar........................................................... | 78.766 | 70.555 |
| Hreinlætiskostnaður.................................................. | 606.716 | 669.017 |
| | 6.148.232 | 6.897.629 |

# Undirritunarsíða

## Brynhildur Pétursdóttir

Undirritað af:
Brynhildur Pétursdóttir
3004695079
Dags: 26.03.2025
Tími: 09:17:56
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ff73cb50-c79e-4b9a-ac45-824c1f5beb97

## Breki Karlsson

Undirritað af:
Breki Karlsson
0503715819
Dags: 26.03.2025
Tími: 08:49:29
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ff73cb50-c79e-4b9a-ac45-824c1f5beb97

## Auður Alfa Ólafsdóttir

Undirritað af:
Auður Alfa Ólafsdóttir
2001892219
Dags: 26.03.2025
Tími: 09:38:53
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ff73cb50-c79e-4b9a-ac45-824c1f5beb97

## Þórarinn Á Stefánsson

Undirritað af:
Þórarinn Ásgeir Stefánsson
2908673719
Dags: 26.03.2025
Tími: 08:53:16
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ff73cb50-c79e-4b9a-ac45-824c1f5beb97

## Sigurður Másson

Undirritað af:
Sigurður Másson
2804683399
Dags: 26.03.2025
Tími: 09:35:37
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ff73cb50-c79e-4b9a-ac45-824c1f5beb97

## Benjamín Julian Plaggenborg

Undirritað af:
Benjamín Julian Plaggenborg
2208903769
Dags: 26.03.2025
Tími: 14:01:55
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ff73cb50-c79e-4b9a-ac45-824c1f5beb97

## Flóki Guðmundsson

Undirritað af:
Flóki Guðmundsson
0908766009
Dags: 26.03.2025
Tími: 08:50:31
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ff73cb50-c79e-4b9a-ac45-824c1f5beb97

## Guðmundur Gunnarsson

Undirritað af:
Guðmundur Gunnarsson
2309765119
Dags: 26.03.2025
Tími: 09:38:00
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ff73cb50-c79e-4b9a-ac45-824c1f5beb97

## Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Undirritað af:
Hildigunnur Hafsteinsdóttir
2108765619
Dags: 26.03.2025
Tími: 09:39:52
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ff73cb50-c79e-4b9a-ac45-824c1f5beb97

## Margrét Dóra Ragnarsdóttir

Undirritað af:
Margrét Dóra Ragnarsdóttir
0804745989
Dags: 26.03.2025
Tími: 08:56:11
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ff73cb50-c79e-4b9a-ac45-824c1f5beb97

# Undirritunarsíða

## Pálmey Helga Gísladóttir

Undirritað af:
Pálmey Helga Gísladóttir
0311544569
Dags: 26.03.2025
Tími: 11:25:44
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ff73cb50-c79e-4b9a-ac45-824c1f5beb97

## Salka Sól Styrmisdóttir

Undirritað af:
Salka Sól Styrmisdóttir
1411902969
Dags: 26.03.2025
Tími: 08:54:23
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ff73cb50-c79e-4b9a-ac45-824c1f5beb97

## Stefán Hrafn Jónsson

Undirritað af:
Stefán Hrafn Jónsson
0201684129
Dags: 26.03.2025
Tími: 08:52:24
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ff73cb50-c79e-4b9a-ac45-824c1f5beb97

## Virpi Tuulikki Jokinen

Undirritað af:
Virpi Tuulikki Jokinen
3105722099
Dags: 26.03.2025
Tími: 14:47:40
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ff73cb50-c79e-4b9a-ac45-824c1f5beb97

## Hólmfríður Sveinsdóttir

Undirritað af:
Hólmfríður Sveinsdóttir
1806674079
Dags: 26.03.2025
Tími: 09:00:07
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ff73cb50-c79e-4b9a-ac45-824c1f5beb97

## Þuríður Hjartardóttir

Undirritað af:
Þuríður Hjartardóttir
1010614429
Dags: 26.03.2025
Tími: 13:30:02
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ff73cb50-c79e-4b9a-ac45-824c1f5beb97

## Páll Daði Ásgeirsson

Undirritað af:
Páll Daði Ásgeirsson
0808833749
Dags: 26.03.2025
Tími: 15:17:20
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ff73cb50-c79e-4b9a-ac45-824c1f5beb97